

Evrópuyfirlýsingar um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum: orðalisti

Neal Maskrey,¹ Roberto Frontini,^{2,3} Jonathan Underhill,⁴ David Preece³

¹School of Pharmacy, Keele University, Keele, Staffordshire, Bretland

²Apotheke des Universitätsklinikums Leipzig AoR, Leipzig, Þýskaland

³The European Association of Hospital Pharmacists, Policy and Advocacy, Brussel, Belgja

⁴Centre for Medicines Optimisation, Keele University, Keele, Staffordshire, Bretland

Bréf til

Professor Neal Maskrey, School of Pharmacy, Keele University, Keele, Staffordshire ST5 5BG, Bretland; Neal.Maskrey@nice.org.uk

Móttekið 7. ágúst 2014
Endurskoðað 27. ágúst 2014
Samþykkt 28. ágúst 2014

Þessi orðalisti (tafla 1) hefur verið tekinn saman til að fylgja með Evrópuyfirlýsingunum um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum sem voru samþykktar á viðræðufundi í Brussel þann 15. maí 2014.

Við endurskoðunarferli á yfirlýsingunum á vinnufundum með þátttakendum í viðræðufundinum þann 14. maí 2014 kom í ljós greinileg þörf fyrir orðalista til að fylgja með yfirlýsingunum. Þetta myndi veita þeim sem ekki tóku þátt í maíviðræðunum sameiginlegan skilning á lykilhugtökunum sem eru notuð í yfirlýsingunum.

Samskipti eru krefjandi. Ekki nóg með að yfirlýsingarnar séu á ensku, sem er ekki móðurmál margra lesenda, heldur hafa orð og setningar mismunandi merkingar á milli landa. Að auki er lyfjaþjónusta afar mismunandi á milli meðlimalanda. Með orðalistanum er reynt að koma í veg fyrir misskilning tengdum þeim tæknilegu hugtökum sem eru notuð í yfirlýsingunum.

Allir höfundar orðalistans voru hópstjórar eða þátttakendur í Delphi viðræðufundinum og þrír þeirra (NM, RF, JU) voru hópstjórar á World Cafe fundunum (sjá bls. 264); David Preece var ritari á World Cafe fundunum. Allir voru vel kunnugir

tæknilegu hugtökunum í Evrópuyfirlýsingunum um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum, sem vakti umræður um hugtakanotkun á báðum viðræðufundunum. Þessar umræður voru upphafspunkturinn að því að velja orð og setningar sem færu í orðalista meðfylgjandi yfirlýsingunum. Mögulegar heimildir um skilgreiningu á hugtökum sem voru ekki fundnar í umræðunum, voru fundnar í gegnum PubMed eða netleitarvél. Mörgum tilvísunum var safnað saman þegar þess var þörf. Ákvörðunarþátturinn í valinu á þeim heimildum sem áttu best við fyrir orðalistann var hversu viðeigandi þær voru fyrir tæknilegu umræðurnar sem áttu sér stað á Delphi og World Cafe viðræðufundunum.

Framlagsaðilar NM þróaði nálgunina að ritun orðalistans í samvinnu við DP. DP bjó til fyrsta uppkastið sem NM bætti við og fagaði. RF og JU lásu yfir og komu með tillögur að bótum sem DP bætti við. NM sá um lokaútgáfuna. Allir höfundarnir lásu yfir lokaútgáfu listans og samþykktu hann.

Eiginhagsmunir NM og JU eru í hlutastarfi hjá National Institute for Health and Care Excellence. RF er forseti Evrópusamtaka sjúkrahússlyfjafræðinga. DP hefur lýst yfir engum eiginhagsmunum.

Uppruni og ritrýni Nefndarstarf; innbyrðis ritrýni.



Tilvitnun: Maskrey N, Frontini R, Underhill J, et al. *Eur J Hosp Pharm* 2014;21: 294-300.

Tafla 1	Orðalisti			
Orð	Skilgreining	Heimild		Athugasemdir
Lyfjagjöf	Í lyfjagjöf felst að borin eru kennsi á sjúklingins, fengin er fullvissa um að sjúklingurinn hafi ekki ónæmi fyrir lyfinu, fengin er fullvissa um að notkun lyfsins sé í samræmi við venjulegan skammt þess, aukaverkanir, varúðarráðstafanir og frábendingar, og að hún sé í samræmi við umönnunaráætlun sjúklingins (lyfjaáætlun eða ferli), að lyfið sé ekki útrunnið og að aðferð, leið og tímasetning lyfjagjafarinnar sé viðeigandi, og fullvissa um að skýr, nákvæm og tafarlaus skýrsla sé gerð yfir öll lyf sem eru gefin sjúklingnum, haldið frá honum eða honum neitað um.	Aðlagð frá Hjúkrunar- og ljósmóðurráði Bretlands (UK Nursing & Midwifery Council): http://www.nmc-uk.org/Documents/NMC-Publications/NMC-Standards-for-medicines-management.pdf		
Aukaverkanir lyfja	Óæskileg reynsla sjúklinga við lyfjatöku og grunur er um að sé af völdum lyfsins eða lyfjanna.	MHRA: http://www.mhra.gov.uk/Safetyinformation/Howwemonitorthesafetyofproducts/Medicines/TheYellowCardScheme/Informationforhealthcareprofessionals/Adversedrugreactions/index.htm Aðlagð frá UNITE FOR SIGHT: http://www.uniteforsight.org/global-health-course/module1		
Gæðakröfur um bestu starfsvenjur	Þessar meginreglur hámarka skilvirkni, verkun, öryggi, aðgengi, minnkun á óviðeigandi afbrigðum og sjálfbærni.			
Tilkynningakerfi um aukaverkanir og klínísk tilfelli (CIRS)	Tilkynning um villur, meiðsl, skaðlausar villur, bilun í búnaði, villur í ferli eða aðrar hættur af hendi lækisins, hjúkrunarfræðings eða annars aðila innan spítalans eða heilbrigðisstofnunarinnar, og sem er tilkynnt af stofnuninni til viðtækari hóps í gegnum tilkynningakerfi sem er annað hvort kerfistengt, svæðistengt eða á landsvísu. Þetta getur hjálpað við að ákvarða markvissar umbætur og kerfisbreytingar til að minnka líkurnar á að sjúklingar skaðist í framtíðinni. Tilkynningakerfi bera engar refsingar og þau má einnig hanna til að taka á móti tilkynningum frá sjúklingum, fjölskyldum og talsmönnum neytenda.	Aðlagð frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni: http://www.who.int/patientsafety/events/05/Reporting_Guidelines.pdf		Kallast einnig tilkynningakerfi um mikilvæg tilfelli. Hægt er að nota hvort hugtakið sem er.
Klínískir meðferðarkostir	Hæfur klínískur starfsmaður semur viðeigandi meðferðaráætlanir í samræmi við bestu starfsvenjur og breytir meðferðarvalkostunum eftir því sem aðstæður breytast. Hann/hún gefur viðeigandi vísanir, samræmir meðferð með öðru starfsfólki og veitir sjúklingnum áframhaldandi umönnun frekar en að meðhöndla einungis vandann.	Aðlagð frá RCGP: http://www.wpba4gps.co.uk/fileadmin/user_upload/secure/mindmaps/PDF_files_for_Compentency/Clinical_Management.pdf		
Klínískar rannsóknir	Þátttakendur í klínískum rannsóknum fá sérstaka meðferð samkvæmt rannsóknaráætlun búinni til af rannsakendum. Klínískar rannsóknir gætu borið saman nýja lækisfræðilega nálgun við þá hefðbundnu sem er þegar í notkun eða við lyfleysu sem inniheldur engin virk efni, eða við engin inngrip.	Aðlagð frá ClinicalTrials.gov: https://clinicaltrials.gov/ct2/about-studies/learn		Kallast einnig inngripsrannsóknir.
Hæfni	Sú þekking, hæfileikar, hegðun og viðmót sem einstaklingur oðlast, þróar og lærir í gegnum nám, þjálfun og starfsreynslu.	FIP: http://www.ajhp.org/content/66/5_Supplement_3/s67.full		
Hæfisrammi	Hæfisrammi er samansafn þeirra hæfileika sem teljast vera lykilatriði í skilvirkri frammistöðu. Þróun hæfni ætti að hjálpa einstaklingum að bæta stöðugt frammistöðu sína og vinna á skilvirkari hátt.	Whiddett S, Hollyforde, S. <i>The Competencies Handbook</i> . London: Institute of Personnel and Development, 1999. Sjá http://www.fip.org/files/fip/PharmacyEducation/GbCF%20booklet.pdf		
(Lyfja)blöndun	Lyfjablöndun er ferlið við að undirbúa persónubundin lyf fyrir sjúklinga	Aðlagð frá PCAA: http://www.pccarx.com/what-is-compounding		Sjá einnig "Lyf sem er búið til á staðnum".
Tölvuvæddur stuðningur við ákvarðanatöku	Tölvuvædd stuðningskerfi við ákvarðanatöku eru tölvuforrit hönnuð til að aðstoða klínískt starfsfólk við að ákvarða greiningu og meðferð við umönnun sjúklinga. Þau geta einfaldað aðgengi að nauðsynlegum gögnum fyrir ákvarðanatöku, veitt áminningar og kvæðingar við heimsókn sjúklinga, aðstoðað við að finna greiningu við uppáskrift og endurskoðun lyfja, og látið starfsfólk vita þegar ný mynstur í gögnum sjúklingins koma fram.	Aðlagð frá: Payne TH. Tölvuvædd stuðningskerfi við ákvarðanatöku. <i>Chest</i> 2000; 118:47S—52S. http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/10939999		
Eftirlíking (í tengslum við lyf)	Eftirlíking af lyfi er lyf sem er viljandi rangt merkt hvað varðar auðkenni og/eða uppruna. Eftirlíkingar geta átt við bæði merktar vörur og samheitaðvörur og eftirlíkingar geta fallið í sér vörur með rétt innihaldsefni eða með röng innihaldsefni, án virkra innihaldsefna, með ónóg virk innihaldsefni eða í fölsuðum umbúðum.	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin: http://www.who.int/medicines/services/counterfeit/overview/en/		

Framhald

Tafla 1 Framhald

Orð	Skilgreining	Heimild	Athugasemdir
Afgreiðsla (lyfja)	Að merkja frá lager og veita sjúklingi eða umönnunaraðila klínískt viðeigandi lyf, oftast gegn skriflegum lyfseðli, fyrir gjöf af hendi sjúklings eða annars fagmanns og að veita ráðleggingar um örugga og árangursríka notkun.	FIP: http://www.ajhp.org/content/66/5_Supplement_3/s67.full	
Förgun (á lyfjum)	Lyf sem á ekki lengur að gefa sjúklingi og af hvaða ástæðu sem er ætli venjulega að skila til viðeigandi apóteks eða læknis fyrir örugga förgun.	Aðlagð frá Hinu konunglega lyfjafraðifélagi (Bretlandi)(Royal Pharmaceutical Society): http://www.rpharms.com/support-pdfs/safsechandmeds.pdf	
Dreifing (lyfja)	Ferli fyrir stöðuga geymslu, flutning og meðhöndlun lyfja við viðeigandi aðstæður, eftir því sem krafist er af markaðsleyfi eða vöruleiðbeiningum.	Aðlagð frá MHRA: http://www.mhra.gov.uk/Howweregulate/Medicines/Inspectionandstandards/GoodDistributionPractice/Alþjóðaheilbrigðisstofnunin : http://apps.who.int/medicinedocs/en/d/Js4882e/3.1.html	
Lyfjaneindir	Vettvangur til að leiða saman alla hagsmunaaðila sem eiga hlut að ákvarðanatöku um lyfjanotkun. Getur verið á hvaða stigi heilbrigðiskerfisins sem er - á umdæmisstigi (sem hefur umsjón með heilsugæslustöðvum), á sjúkrahúsum eða á landsvisu.	Litillega breytt frá <i>Dorland's Medical Dictionary for Health Consumers</i> : http://medical-dictionary.thefreedictionary.com/efficacy	
Skilvirkni (lyfja)	Geta inngrips til að veita æskileg jákvæð áhrif í höndum sérfræðinga og við bestu aðstæður svo sem í klínískum rannsóknum.	Aðlagð frá <i>Mosby's Dental Dictionary, 2nd edn, 2008</i> : http://medical-dictionary.thefreedictionary.com/effectiveness	
Verkun (lyfja)	Að hve miklu leyti inngrip uppfyllir ætlaða heilsuniðurstöðu undir venjulegum eða algengum kringumstæðum.	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin: http://www.who.int/trade/glossary/story021/en/	
e-Health (rafræn heilbrigðisþjónusta)	e-Health er rafrænn flutningur á heilsuúræðum og heilbrigðisumönnun. Það felur í sér þrjú aðalsvið: <ul style="list-style-type: none"> ▶ Veiting á heilbrigðisupplýsingum fyrir heilbrigðisstarfsfólk og -neytendur, í gegnum Internetið og fjarskipti. ▶ Notkun á upplýsingatækni og netviðskiptum til að bæta almenna heilbrigðisþjónustu, t.d. með menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks. ▶ Notkun á netviðskiptum og viðskiptaháttum við stjórnun á heilbrigðiskerfum. 		
Aðferð sem byggist á sönnunargögnum	Samvissuöm, skýr og skynsamleg notkun á nýjustu og bestu sönnunargögnum við ákvörðun á meðferð einstakra sjúklings. Notkun á lækningum byggðum á sönnunargögnum felur í sér samþættingu á einstakri klínískri reynsly við bestu mögulegu utanaðkomandi klínísk sönnunargögn frá kerfisbundnum rannsóknum. Sérfræðipækking endurspeglar á margan hátt en sérstaklega í markvissari og skilvirkari greiningum og í vandvirtri skilgreiningu og samúðarfullri viðurkenningu á vandamálum einstakra sjúklings, rétti þeirra og óskum við klínískar ákvarðanir um meðferð þeirra. Vara sem er gefin strax eftir blöndun og er ekki geymd á lager.	Sackett DL, Rosenberg WMC, Muir Gray JA, <i>et al.</i> Evidence based medicine: what it is and what it isn't. <i>BMJ</i> 1996;312:71. http://www.bmj.com/content/312/7023/71	Hugtakið "Aðferð sem byggist á sönnunargögnum" er nú til dags tekið fram yfir "Lækningar sem byggjast á sönnunargögnum".
Lyf sem er búið til á staðnum	Svæðisbundið ferli (eða mögulega á landsvisu) sem þjónustuveitur taka sjálfviljugar þátt í til að bæta starfsemi og veitingu á heilbrigðisþjónustu í gegnum skýra staðla útgefna af teymi jafningja sem er stýrt af óháðum yfirvaldi sem felur í sér (en er hlutlaust gagnvart) neytendur, veitendur, kaupendur og stjórnvöld.	FIP: http://www.ajhp.org/content/66/5_Supplement_3/s67.full	Sjá einnig "(Lyfja)blöndun".
Utanaðkomandi vottunarkerfi fyrir gæðamat	Notkun á ferlum til að styðja við stýrða kynningu, notkun eða afturköllun á heilbrigðis meðferðum innan heilbrigðishagkerfis, -þjónustu eða -samtlaka.	Shaw CD. External quality mechanisms for health care: summary of the ExPeRT project on visitatie, accreditation, EFQM and ISO assessment in European Union countries. <i>Int J Qual Health Care</i> 2000;12:169-7. http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/10894187	
Lýsingarkerfi	Markvisst þróaðar yfirlýsingar til að aðstoða lækna og sjúklings við að ákvarða viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir sérstakar klínískar kringumstæður.	Þróun og uppfærsla á staðfærðum lýsingarkerfum. NICE Medicines leiðbeiningar um starfshætti 2012: http://www.nice.org.uk/guidance/MPG1/chapter/1-background#definition-of-a-local-formulary	
Starfsvenjur (klínískar)	Field M, Lohr K; Ráðgjafanefnd um klínískar starfsvenjur fyrir almenna heilbrigðisþjónustu, Lyfjastofnun (Committee to Advise the Public Health Service on Clinical Practice Guidelines, Institute of Medicine). <i>Clinical Practice Guidelines: Directions for a New Program</i> . Washington, DC: National Academies Press, 1990. Sjá http://www.sign.ac.uk/guidelines/fulltext/50/section1.html		
Hættulegur (í tengslum við lyf)	Hættuleg lyf teljast þau sem sýna eitt eða fleiri af eftirfarandi sex einkennum í mönnum eða dýrum:	NIOSH List of Antineoplastic and Other Hazardous Drugs in Healthcare Settings 2012: http://www.cdc.gov/niosh/docs/2012-150/pdfs/2012-150.pdf	

Framhald

Tafla 1 framhald			
Orð	Skilgreining	Heimild	Athugasemdir
Vettvangur heilsugæslu	<ul style="list-style-type: none"> ▶ Krabbameinsvaldandi áhrif ▶ Virkni sem veldur vansköpun eða öðrum skaðlegum þroskaáhrifum ▶ Eiturverkanir ▶ Eituráhrif á æxlunarkerfi ▶ Eituráhrif á líffæri í litlum skömmtum ▶ Eituráhrif á erfðaeefni <p>Sá staður þar sem heilbrigðis- eða félagsþjónusta er veitt einstaklingi.</p>	Sjá https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/212915/Care-Setting-Definitions.pdf fyrir nákvæma skilgreiningu	
Lyf sem hafa mikla áhættu í för með sér	Lyf sem hafa mikla áhættu í för með sér eru líklegust til að valda sjúklingnum miklum skaða, jafnvel þegar þau eru rétt notuð.	Patient Safety First: http://www.patientsafetyfirst.nhs.uk/ashx/Asset.aspx?path=/How-to-guides-2008-09-19/Medicines%201.1_17Sept08.pdf	
Merking (á lyfjum)	Örugg notkun allra lyfja byggir á því að neytendur lesi merkingar og umbúðir vandlega og rétt. Einnig að þeir geti meðtekið og brugðist við þeim upplýsingum. Lyfjamerkinga og -umbúða er að bera skýr og ótvíræð kennsl á lyfið og aðstæður fyrir örugga notkun þess.	MHRA: http://www.mhra.gov.uk/home/groups/pl-a/documents/websitesources/con157150.pdf	
Framleiðsla (á lyfjum)	Aðgerðir sem krefjast leyfa sem eru nefnd í grein 40(1) og (3) í tilskipun 2001/83/EC eða grein 13(1) í tilskipun 2001/20/EC:	Nefndartilskipun 2003/94/EC: http://ec.europa.eu/health/files/eudralex/vol-1/dir_2003_94/dir_2003_94_en.pdf	
Markaðsleyfi	Lyf sem uppfylla öryggis- gæða- og virknistaðla öðlast markaðsleyfi (áður vöruleyfi) sem er venjulega nauðsynlegt áður en hægt er að ávísa þeim eða selja.	MHRA: http://www.mhra.gov.uk/Howweregulate/Medicines/Licensingofmedicines/Marketingauthorisations/	
Lækningabúnaður	Öll tæki, búnaður, hugbúnaður, efni eða annar hlutur, hvort sem hann er notaður einn og sér eða með öðru, ásamt öllum fylgihlutum, þ.m.t. hugbúnaður sem framleiðandi ætlar að sé notaður sérstaklega til greiningar eða meðferðar og er nauðsynlegur fyrir rétta notkun sem framleiðandi ætlar að sé notað af mannfólki í þeim tilgangi að: <ul style="list-style-type: none"> ▶ greina, koma í veg fyrir, fylgjast með, meðhöndla eða lina veikindi ▶ greina, fylgjast með, meðhöndla, lina eða bæta upp fyrir meiðsl eða fötlun ▶ rannsókn, skipti eða breyting á líkamsskipan eða líkamlegu ferli ▶ stýra æxlun og sem gegnir ætluðu meginhlutverki sínu á eða í mannslíkamanum með lyfja- ónæmis- eða efnaskiptatengdum hætti en gæti fengið stuðning frá þeim aðferðum.	Evrópusambandið: http://ec.europa.eu/health/medical-devices/files/revision_docs/2007-47-en_en.pdf	
Villa í lyfjagjöf	Villur í lyfjagjöf eru óviljandi villur við ávísun, dreifingu, gjöf eða eftirlit meðan það er í höndum heilbrigðisstarfsmanns, sjúklings eða neytanda.	EMA: http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/special_topics/general_content_000570.jsp	
Lyf	Allt efni eða efnablanda sem er sett fram og sagt innihalda eiginleika fyrir meðhöndlun eða hindrun á sjúkdómi í mannfólki, eða allt efni eða efnablanda sem má nota í mönnum eða gefa þeim, annað hvort í þeim tilgangi að endurheimta eða breyta líkamsstarfsemi með því að beita lyfja- ónæmis- eða efnaskiptatengdum aðgerðum, eða til að gera sjúkdómsgreiningu.	Evrópusambandið: http://www.wipo.int/wipolex/en/details.jsp?id=13063	Samheiti við "meðal".
Villa í lyfjagjöf tilkynningakerfi (MERS)	Tilkynningakerfi sem veitir klíniskum starfsmönnum auðveldla leið til að tilkynna tilfelli vitandi það að tilkynning þeirra verður meðhöndluð á refsilausan hátt og að hún muni leiða til aukinnar þekkingar á orsökum tilfellisins og að kerfisbundnar breytingar munu koma í veg fyrir að það gerist aftur.	Mahajan RP. Tilkynning á mikilvægum tilfellum og nám. <i>Br J Anaesth</i> 2010; 105 :69-75. http://bj.a.oxfordjournals.org/content/105/1/69.abstract	

Framhald

Tafla 1 framhald

Orð	Skilgreining	Heimild	Athugasemdir
Notkunarferli lyfja	Notkun á lyfjum er flokið ferli sem felur í sér undirferla í formi lyfjaávisunar, úrvinnslu pantanna, dreifingu, gjöf og eftirlit með áhrifum.	Institute for Safe Medication Practices: http://www.ismp.org/faq.asp#Question_3	
Stjórnun lyfjamála Bæting á lyfjum	Kerfi ferla og atferlis sem ákvarðar hvernig lyf er notað af sjúklingum og af heilbrigðiskerfum. Bæting á lyfjum tryggir að fólk fái bestu mögulegu áhrif frá lyfjunum sínum og að hættan á skaða sé lágmarkuð. Bæting á lyfjum krefst ákvarðanatöku sem byggist á sönnunargögnum um lyf sem varða örugga þáttöku sjúklings og faglegt samstarf til að veita einstaklingsbundna, persónubundna nálgun á lyfjanotkun innan tiltækra úrræða.	Aðlagð frá National Prescribing Centre: http://www.npc.nhs.uk/developing_systems/intro/resources/library_good_practice_guide_mmmbook1_2002.pdf NICE: http://www.nice.org.uk/guidance/gid-cgwave0676/resources/medicines-optimisation-draft-scope2	
Lyfjaskortur	Aðstæður þar sem heildarframboð allra klínískt útskiptanlegra útgáfa af lyfi nægir ekki til að uppfylla núverandi eða áætlaða eftirspurn á neytendasviði. Lyfjaskortur getur orðið af mörgum ástæðum, svo sem erfiðleikum í framleiðslu eða vegna vandamála sem hafa áhrif á gæði lyfjanna sem gæti haft áhrif á umönnun sjúklinga	Aðlagð frá Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA): http://www.fda.gov/downloads/AboutFDA/ReportsManualsForms/StaffPoliciesandProcedures/ucm079936.pdf EMA: http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_000588.jsp&mid=WC0b01ac05807477a5 Alþjóðaheilbrigðisstofnunin: http://www.who.int/goe/publications/goe_mhealth_web.pdf	
mHealth	Lækninga- og lyðheilsustarfshættir sem eru studdir af þráðlausum tækjum, svo sem farsímum, tæki sem hafa eftirlit með sjúklingum, persónulegir stafræni aðstoðarmenn og annar þráðlaus búnaður.		
Blöndun (lyfja)	Blöndun á tveimur (eða fleiri) virkum lyfjafræðilegum efnisþáttum í eina blöndu eða tvö eða fleiri lyf gefin á sama tíma.	National Prescribing Centre: http://www.npc.nhs.uk/improving_safety/mixing_meds/resources/mixing_of_medicines.pdf	
Þverfaglegur	Sameining eða samvinna nokkurra fræðasviða eða faglegrar sérþekkingar í nálgun á efnisatriði eða vandamáli.	Oxford orðabækur: http://www.oxforddictionaries.com/definition/english/multidisciplinary	
Mögulega skaðlegur atburður (tengist villu í lyfjanotkun) Útvista Umönnunarteymi sjúklinga	Atburður, aðstæður eða villa sem átti sér stað, en var náð áður en sjúklingurinn varð fyrir nokkrum áhrifum. Að fá vörur eða þjónustu í gegnum samning við utanaðkomandi birgja Þverfaglegt teymi sem er oftast stjórnað af lækni og sér um umönnun sjúklinga; hver meðlimur teymisins gegnir sérstakri ábyrgð og allt teymið á þátt í umönnun sjúklingsins.	Institute for Safe Medication Practices: https://www.ismp.org/newsletters/acutecare/articles/20090924.asp Oxford orðabækur: http://www.oxforddictionaries.com/definition/english/outsource MeSH hugtak. Sjá Heilsustofnun (The Health Foundation): http://www.health.org.uk/public/cms/75/76/313/579/Patient%20Care%20Teams.pdf?realName=jsrQqb.pdf	
Öryggi sjúklinga	Fyrirbygging á villum og aukaverkunum hjá sjúklingum tengdum heilbrigðisþjónustu	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin: http://www.euro.who.int/en/health-topics/Health-systems/patient-safety	
Sjúkraskrá sjúklings	Samansafn klínískra upplýsinga um líkamlega og andlega heilsu sjúklings, unnar úr ýmsum áttum.	<i>Segan's Medical Dictionary 2012</i> : http://medical-dictionary.thefreedictionary.com/health+record	
Lyfjaundirbúningur	Öll efnis- og vöruinnkaup, framleiðsla, gæðastjórnun, útgáfa, geymsla, afhending lyfja og tengd stýring.	PIC/S Leiðbeiningar um góða starfshætti við lyfjaundirbúning á heilbrigðisstofnunum (Guide to Good Practices for the Preparation of Medicinal Products in Healthcare Establishments): http://www.picscheme.org/bo/commun/upload/document/pe-010-4-guide-to-good-practices-for-the-preparation-of-medicinal-products-in-healthcare-establishments-1.pdf	
Lyfjahagfræðilegt	Lyfjahagfræði er vísindagrein sem metur klíniska, hagfræðilega og mannlega þætti lyfjavöru, þjónustu og áætlana, ásamt öðrum heilbrigðisaðgerðum til að veita stjórnendum innan heilbrigðisþjónustu, veitendum og sjúklingum mikilvægar upplýsingar fyrir bestu mögulegu útkomu og úthlutun heilbrigðisfjármagns.	Alþjóðleg samtök um lyfjahagfræði og rannsókn á útkomu (International Society for Pharmacoeconomics and Outcomes Research): http://www.ispor.org/Terminology/Default.aspx	
Lyfjaqátkerfi	Vísindi og aðgerðir sem varða greiningu, mat, skilning og fyrirbyggingu á aukaverkunum eða nokkrum öðrum lyfjatengdum vandamálum.	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin: http://www.who.int/medicines/areas/quality_safety/safety_efficacy/pharmvig/en/FIP/Alþjóðaheilbrigðisstofnunin:	
Lyfjaþjónusta	Markmið lyfjaþjónustu er að stuðla að heilsuefingu og að hjálpa sjúklingum með heilbrigðisvandamál að fá sem best nýtingu á lyfjum sínum.	http://www.fip.org/files/fip/WHO/GPP%20guidelines%20FIP%20publication_final.pdf	
Umönnunarstaður (kerfi)	Rannsóknarstofa og önnur þjónusta sem er veitt sjúklingum við legustaðinn. Þetta felur í sér sjúkdómsgreiningar og rannsóknarstofuþrófanir sem nota sjálfvirkann innslátt á upplýsingum.	MeSH hugtak: http://www.ncbi.nlm.nih.gov/mesh?term=Point-of-Care%20Systems	

Framhald

Tafla 1 Framhald

Orð	Skilgreining	Heimild	Athugasemdir
Útvegur	Veiting á hraðri og skilvirkri framboðsþjónustu til sjúklinga, með réttum lyfjum á réttu verði, og á sama tíma ná hagkvæmum innkaupum fyrir stað- eða svæðisbundið heilbrigðiskerfi, eða á landsvísi. Í þessu gæti fallist flókið net viðskipta, reksturs, upplýsingatækni og gæða- og áhættustjórnunarkerfa. Virða skal og fylgja ávisun ráðlegginga, leiðsögn forskrifta og málefni er varða klíniska stjórnunarhætti.	British Journal of Medicines Procurement: http://www.medicinesprocurement.co.uk/	
Aðferðalýsing Gæðastjórnun	Lýsing á hvernig skal framkvæma vísindarannsókn eða lækni meðferð. Viðhald æskilegs gæðastigs innan þjónustu eða vöru, sérstaklega með því að fylgjast með hverju stigi afhendingar- eða framleiðsluferlisins.	Oxford orðabækur: http://www.oxforddictionaries.com/definition/english/protocol Oxford orðabækur: http://www.oxforddictionaries.com/definition/english/quality-assurance	
Gæðaeftirlit	Kerfi sem viðheldur ákveðnum stöðlum í framleiðslu með því að athuga sýnishorn af vörunni og bera saman við forskriftina.	Oxford orðabækur: http://www.oxforddictionaries.com/definition/english/quality-control?q=quality+control	
Endurupplausn (lyfja)	Aðgerð til að leyfa notkun á lyfi með markaðsleyfi í samræmi við leiðbeiningar sem eru gefnar í samantekt um eiginleika lyfs í upplýsingabæklingi fyrir sjúklinga.	PIC/S Leiðbeiningar um góða vinnuhætti við lyfjaundirbúning á heilbrigðisstofnunum (Guide to Good Practices for the Preparation of Medicinal Products in Healthcare Establishments): http://www.picscheme.org/bo/commun/upload/document/pe-010-4-guide-to-good-practices-for-the-preparation-of-medicinal-products-in-healthcare-establishments-1.pdf	
Ábyrg notkun lyfja	Aðstæður þar sem aðgerðir og geta hagsmunaaðila innan heilbrigðisþjónustu eru samræmd til að tryggja að sjúklingar fái rétt lyf á hagkvæmu verði á réttum tíma, nota þau rétt og hafa gagn af þeim. Veiting á réttum lyfjum til sjúklinga sem þurfa á þeim að halda krefst virkrar þátttöku allra viðkomandi aðila, þar með talið stjórnvalda, og sýn á hvernig eigi að samþætta einka- og opinbera hagsmuni og virkja auðlindir.	Aðlagð frá FIP: http://www.fip.org/centennial/files/static/REPORT_MINISTERS_SUMMIT_-_English_version_final.pdf	
Endurskoðun (á lyfi)	Skipulögð, gagnrýnin skoðun á lyfjum sjúklings, með það að markmiði að ná samkomulagi við sjúklinginn varðandi meðhöndlun, bestun á áhrifum lyfja, lágmarkun á lyfjatengdum vandamálum, og minnkun á sóun.	National Prescribing Centre: http://www.npc.nhs.uk/review_medicines/intro/resources/room_for_review.pdf	
Áhættumat	Kerfisbundið ferli við mat á mögulegri áhættu sem gæti fallist í framtíðaraðgerðum eða verkefni.	Oxford orðabækur: http://www.oxforddictionaries.com/definition/english/risk-assessment	
Hnókralaus meðferð	Hnókralaus meðferð er hindranalaus og örugg umskipti sjúklings innan eða á milli umönnunarstaða, þar með talið frá sjúkrahúsi til heimilis.	Aðlagð frá Spehar AM, Campbell RR, Cherrie C, et al. <i>Seamless Care: Safe Patient Transitions from Hospital to Home</i> . http://www.ncbi.nlm.nih.gov/books/NBK20459/AHRQ : http://www.ahrq.gov/research/findings/evidence-based-reports/stakeholderguide/chapter3.html	
Hagsmunaaðilar (sem tengjast heilbrigðisþjónustu)	Persónur eða hópar sem eiga hagsmuna að gæta í klínískri ákvörðun og þeim sönnunargögnum sem styðja þá ákvörðun. Hagsmunaaðilar geta verið sjúklingar, umönnunaraðilar, klínískir starfsmenn, rannsóknarmenn, stuðningssamtök, fagleg samtök, fyrirtæki, stefnumótendur eða aðrir. Hver hópur hefur einstakt og mikilvægt sjónarhorn.		
Rekjanleiki	Getan til að rekja áfram hreyfingar gegnum tilgreind stig innan framboðskeiðunnar og að geta rekið afturábak sögu, notkun eða staðsetningu þess sem er til skoðunar.	GS1 http://www.gs1.org/docs/healthcare/GS1_article_PMPS.pdf	
Afritun (tengist lyfjaávisunum)	Það að gera nákvæmt afrit, oftast skriflega. Þetta þýðir að ávallt verður að vera til frumrit sem afritið er gert af. Fyrir lyf er umritun oftast framkvæmd til þess að fagfólki sem annast sjúkling geti nálgast ávisunarupplýsingarnar og önnur samskipti.	Aðlagð frá UKMi: http://www.medicinesresources.nhs.uk/upload/documents/Communities/SPS_E_SE_England/Transcribing%20Vs%201%20Feb11%20DG.pdf	

Framhald

Tafli 1 framhald

Orð	Skilgreining	Heimild	Athugasemdir
Meðferðarleið	Fyrirséð umönnun sett innan viðeigandi tímamarka, skrifuð og samþykkt af þverfaglegu teymi.	Welsh National Leadership and Innovation Agency for Healthcare guide to integrated care pathways: http://www.wales.nhs.uk/sitesplus/Documents/829/integratedcarepathways.pdf	Þekkt einnig sem umönnunarleiðir, kritískar leiðir, samþættar umönnunarleiðir eða umönnunaráætlun.
Notkun á lyfi sem fellur utan markaðsleyfi þess	Til eru klínískar aðstæður þar sem að notkun lyfja sem ekki hafa leyfi eða notkun lyfja utan leyfisskilmálanna (þ.e. "óhefðbundið") gæti verið dæmd af lækni sem í hag sjúklingsins, byggt á tiltækum sönnunargögnum. Þessi aðferð er sérstaklega algeng innan ákveðinna sviða lækisfræði: t.d. í barnlækningum þar sem erfiðleikar við að ákvarða rétta blöndu fyrir viðeigandi aldur þýðir að mörg lyf fyrir börn eru notuð óhefðbundið eða eru án leyfis. Heilbrigðisstarfsfólk gæti litið svo á að nauðsynlegt sé að ávísa lyfi eða nota lyf án leyfis þegar enginn annar valkostur er tiltækur, eða þegar lyf er undirbúið í apóteki af, eða undir stjórn lyfjafræðings, eða notkun á lyfi með markaðsleyfi utan skilmálanna sem settir eru fram í leyfinu (t.d. utan við skilgreindar merkingar, skammta, leiðir lyfjagjafar, eða andstætt skráðum viðvörðunum). Til eru áætlanir um notkun af mannúðarástæðum fyrir sjúklinga með sjúkdóm sem hefur enga fullnægjandi leyfilega meðferð, eða sem geta ekki tekið þátt í klínískum rannsóknum. Þeim er ætlað að auðvelda aðgengi sjúklinga að nýjum meðferðarúrræðum sem eru í þróun.	Aðlagð frá MHRA: http://www.mhra.gov.uk/Safetyinformation/DrugSafetyUpdate/CON087990 og EMA: http://www.ema.europa.eu/ema/index.jsp?curl=pages/regulation/general/general_content_000293.jsp	

EJHP

Evrópuyfirlýsingar um lyfjapjónustu á sjúkrahúsum: orðalisti

Neal Maskrey, Roberto Frontini, Jonathan Underhill, et al.

Eur J Hosp Pharm 2014 21: 294-300

doi: 10.1136/ejhpharm-2014-000527

Hægt er að finna nýjustu upplýsingar og þjónustu á:

<http://ejhp.bmj.com/content/21/5/294.full.html>

Í þeim felst:

**Tilkynningaþjónusta
um tölvupóst**

Fáðu frjár tilkynningar í tölvupósti þegar nýjar greinar vitna í þessa grein. Skráðu þig í boxið efst í hægra horninu á greininni á netinu.

**Efni
Söfn**

Hægt er að finna greinar um svipað efni í eftirfarandi söfnum

[Hagsmunir \(siðfræði\)](#) (1178 greinar)

[Internet](#) (55 greinar)

[Tímaritafræði](#) (52 greinar)

Athugasemdir

Fyrir leyfisbeiðnir:

<http://group.bmj.com/group/rights-licensing/permissions>

Fyrir pöntun á endurprentunum:

<http://journals.bmj.com/cgi/reprintform>

Fyrir áskrift að BMJ:

<http://group.bmj.com/subscribe/>